



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2024

## ÍSAN1BB05

Íslenska sem annað mál - taláfangi

Kennari: <b>Sigprúður Harðardóttir</b>
--

### Áfangalýsing:

Áfanginn er ætlaður nemendum sem lokið hafa einni önn í íslensku sem öðru máli eða hafa grunnþekkingu sem metin er jafngild einni námsönn. Markmiðið er að ná góðu valdi á framburði og hrynjandi í íslensku máli, að skilja stutta einfalda texta, að læra að beygja algeng sagnorð og auka orðaforða.

**Undanfari:** ÍSAN1AA05

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ✓ þeim orðaforða sem er nauðsynlegur til að ná markmiðum áfangans og hæfniviðmiðum þrepsins
- ✓ réttum framburði, áherslum og hrynjandi
- ✓ mismunandi tjáningarmáta málsins

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ✓ beita orðaforða sem hann ræður yfir
- ✓ lesa einfaldan texta, greina aðalatriði hans og geta tjáð sig um hann
- ✓ beygja algengar sagnir í töluðu máli

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ✓ beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- ✓ tjá skoðun sína
- ✓ miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum

### Námsefni

- ✓ *Íslenska – tölum saman*. Kennslubók fyrir byrjendur. Er á vef mms.is.
- ✓ Orðaspjöld, spil, samtalsspjöld, gagnvirkt efni, hlustunaræfingar, sjónvarpsþættir, kvikmyndir, skáldsaga (léttlestur), dagbók, ljósritað efni, netefni o.fl.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og matsverkefni
19. ágúst- 13. sept.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Skólinn og atvinna (kennslubók)</b></li> <li>• <b>Ferðalög, frí, veður, náttúra</b></li> </ul> <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur. Sagnorð.</p>	Ritunarverkefni (ferðaáætlun) Munnleg kynning Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni
16. sept.- 11. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Líkaminn og heilsan (kennslubók)</b></li> <li>• <b>Íþróttir og hreyfing</b></li> </ul> <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Munnlegt próf Hlustunarverkefni Skáldsaga Ritunarverkefni
14. okt. - 8. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Heimili og umhverfi (kennslubók)</b></li> <li>• <b>Heimilisstörf, húsbúnaður og tæki</b></li> </ul> <p>Unnið er jöfnum höndum með orðaspjöld, samtalsspjöld, spil, netefni og sjónvarpsþætti. Framburðaræfingar og upplestur.</p>	Ritunarverkefni Munnleg kynning (valverkefni) Hlustunarverkefni Skáldsaga Skrifa dagbók og lesa upp.
11. nóv.- 11. des.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Lokaverkefni</b></li> </ul> <p>Nemendur vinna lokaverkefni um sjálfvalið viðfangsefni. Skrifleg skil og munnleg kynning fyrir samnemendur. Kennslu lýkur 11. desember</p>	Ritunarverkefni og munnleg kynning Munnlegt próf Hlustunarverkefni Áhorfsverkefni

## Sérreglur áfangans:

Þar sem áfanginn byggir á kennslu í talmáli er ætlast til að nemendur taki virkan þátt í samræðum í kennslustundum. Einnig ber að skila ritunarverkefnum og flytja munnlegar kynningar á þeim.

**Námsmat:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Hlustun og áhorf	Hlustunarverkefni og verkefni úr sjónvarpsefni	20%
Ritun og tjáning/kynning	Ritunarverkefni og munnlegur flutningur	20%
Virkni og þátttaka	Þátttaka í samræðum, samvinna og virkni í kennslustundum	20%
Munnleg próf	Tvö munnlega próf á önninni	20%
Munnlegar kynningar	Tvær munnlegar kynningar á önninni	20%
Samtals		100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Í ágúst 2024

Sigprúður Harðardóttir